

Ed.

547. Nefndarálit

[166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur kynnt sér frumvarpið, en þar er lagt til, að stofnuð verði lánadeild veiðarfæraiðnaðar við Iðnlánasjóð, sem hafi það markmið að stuðla að innlendri veiðarfæraframleiðslu með framlögum og hagkvæmum lánum.

Tekjur þessa lánasjóðs veiðarfæraiðnaðar eru ráðgerðar í frumvarpinu 1% gjald af innfluttum veiðarfærum, sem nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Auk þessa tekjustofns leggur ríkissjóður fram til sjóðsins stofnfé, 11.6 milljónir króna. Iðnlánasjóði er einnig veitt lántökuheimild til þessa sjóðs, 10 milljónir króna.

Það er vitanlegt, að innlendir veiðarfæraiðnaður hefur átt í mjög miklum vanda að undanförunu vegna erlendrar samkeppni. Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir að koma til móts við þennan ótollverndaða iðnað, þannig að hann geti starfað áfram og byggt sig upp. Er gert ráð fyrir, að þessar ráðstafanir geti orðið til þess, að þróun þessarar nauðsynlegu atvinnugreinar landsmanna, sem svo mjög er tengd sjávarútvegi, snúi við í jákvæða, hagstæða átt.

Iðnaðarnefnd gat ekki orðið sammála um að mæla með þessu frumvarpi. Meiri hluti nefndarmanna leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en minni hluti, Helgi Bergs, Hermann Jónasson og Gils Guðmundsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson,
form.

Sveinn Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Auður Auðuns.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.